

Nd. 143. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á sjómanna­lögum nr. 67 frá 31. desember 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabíla, sem eru hefðbundin og þekkt fyrirfram.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskammtamann, en einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipinu. Sé skipverji í launalausum frii, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í þrjú ár samfellt skal hann auk þess, sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdum veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr.

Nú verður skipverji vinnufær aftur, meðan á ferð skips stendur, og skal hann þá halda kaupum sínum þar til hann á þess kost að taka við starfi sínu á ný, en skylt er honum þá að fara í nám eða vinna innan venjulegs dagvinnutíma önnur störf í þágu skips, sem útgerðarmaður óskar eftir, enda séu þau sambærileg því starfi sem hann gegndi með tilliti til menntunar og starfsreynslu.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Skipverja er skylt að tilkynna forföll sín án óeðlilegs dráttar og jafnframt að leggja fram læknisvottorð. Útgerðarmaður getur látið trúnaðarlækni sinn staðreyna, hvort skipverjinn sé raunverulega óvinnufær. Vanræksla á þessu getur valdið missi réttar til forfallakaups.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við fyrirheit til sjómanna um aukin félagsleg réttindi. Meginmarkmið frumvarpsins er annars vegar að auka rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði, sbr. 4., 5. og 6. gr. laga nr. 19 frá 1979. Hins vegar að tryggja sjómönnum réttmætar kaupgreiðslur eftir að afskráning hefur farið fram, en á þessu hefur orðið nokkur misbrestur. Þessar efnisbreytingar komast allar til skila með því að breyta og semja að nýju 18. gr. gildandi sjómannalaga nr. 67 frá 1963. Það er þessi nýskipan 18. gr. sjómannalaganna, sem felst í 1. gr. frumvarpsins. Til að skýra efni frumvarpsins nánar er hér á eftir fjallað um hverja málsgrein 1. gr. út af fyrir sig.

1. mgr. — Óbreytt frá gildandi lögum.

2. mgr. — Í núgildandi 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga segir að skipverji taki kaup til þess tíma er starfa hans lýkur á skipi eða til afskráningardags. Þetta

ákvæði gildandi sjómannalaga stríðir gegn ákvæðum laganna um uppsagnarfrest á skiprúmssamningum og er í ýmsum tilvikum andstætt ákvæðum kjarasamninga um vinnu milli veiðitímabila, veikindadagakaup og orlofsrétt. Svo virðist sem útgerðarmenn hafi stundum mistúlkað þetta ákvæði sjómönnum í óhag og lagt meira upp úr því en efni standa til. Launagreiðslum til skipverja lýkur ekki fyrir en ráðningu er slitið, en ráðningarslit fara í mörgum tilfellum, t. d. vegna uppsagnarfrests, ekki fram fyrir en lengri eða skemmri tíma eftir afskráningu. Það er þetta sjónarmið, sem frumvarpsmálgreinin túlkar. Því er hér um nauðsynlega leiðréttingu að tefla. Rétt þykir að undanþiggja hér hefðbundin hlé milli veiðitímabila, sem vitað er um fyrirfram, þótt minna sé nú um slíkt en áður var.

Ella má gera ráð fyrir að útgerðarmenn réðu skipverja sína í vaxandi mæli tímabundið fyrir hvert veiðitímabil fyrir sig en slíkt væri í raun andstætt hagsmunum beggja aðila.

3. mgr. — Breytingin frá 3. mgr. 18. gr. gildandi sjómannalaga felst í því, að í stað „rétt til kaups“ kemur „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“. Þetta nýja orðalag veitir skipverja viðtækari rétt, og er það í samræmi við orðalag 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19 frá 1979, sbr. og 6. gr. sömu laga, en þessar greinar fjalla um svonefnd staðgengilslaun landverkafólks. Gagnvart farmönnum felst í þessari breytingu það, að þeir eiga auk grunnkaups og allra fastra úlaga á það, sem þeir nú fá greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu. Ákvæðið hefur hinsvegar ekki í för með sér breytingu gagnvart fiskimönnum. Tekið er inn nýtt ákvæði þess efnis, að forfallist skipverji í launalausum frii þá skuli launagreiðslur til hans hefjast þegar er hann átti að koma til starfa að nýju. Hinsvegar er gert ráð fyrir að skipverji, sem forfallast við vinnu sína, haldi launum þótt hann hafi átt að fara í launalaust fri síðar. Niðurlagsákvæði málgreinarnar „og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns“ er breytt, og slík takmörkun á kaupgreiðslum aðeins látin ná til forfalla af völdum veikinda en ekki slysa.

4. mgr. — Hér er á ferðinni ný málgrein, sem felur í sér aukinn rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum þegar um langan starfstíma er að ræða. Málgreinin er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19 frá 1979. Hér eru kaupgreiðslur miðaðar við fast kaup, sem á einkum við um farmenn, kauptryggingu, sem á einkum við um bátasjómenn, og sérlega umsamið veikindakaup, sem á einkum við um skipverja á stórum togurum. Til þessara auknu réttinda stofnast hvort heldur um er að ræða samfellda ráðningu hjá sömu útgerð eða á sama skipi.

5. mgr. — Hér er um að ræða nýja málgrein, sem bætir rétt sjómanna til greiðslu launa þegar vinnuslys eða atvinnusjúkdómar eiga sér stað. Málgreinin svarar til 4. gr. laga nr. 19 frá 1979. Um kaupgreiðslufyrirkomulag vísast til þess sem sagt er um 4. mgr.

6. mgr. — Þetta er ný málgrein. Eðlilegt þykir að þegar skipverji er orðinn vinnufær á ný en getur ekki tekið upp störf vegna fjarveru skips skuli útgerðarmaður, sem greiðir honum full laun, eiga rétt til þess að fela honum önnur störf innan venjulegs dagvinnutíma. Það er skilyrði að starf sé unnið í þágu þess skips, sem skipverji er ráðinn á og að starfið sé sambærilegt við það starf sem skipverji er ráðinn til að gegna um borð í skipi sínu. Hér eru einkum höfð í huga störf við búnað eða veiðarfæri skips eða önnur áþekk störf.

7. mgr. — Öbreytt 4. mgr. 18. gr. gildandi sjómannalaga.

8. mgr. — Þetta er ný málgrein, sem ekki þarfnast skýringa.

Samkvæmt nýgildandi sjómannalögum njóta yfirmenn réttar til launa í veikinda- og slysatilfellum í allt að tvo mánuði en undirmenn í allt að einn mánuð. Með frumvarpinu er ráð fyrir því gert að lengja þennan tíma mjög verulega. Þannig getur yfirmaður í ítrasta tilfelli notið launa í allt að sjö mánuði en undirmaður í allt að sex mánuði, þegar til er að dreifa samfelldri ráðningu í fimm ár og veikindin stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Svo annað dæmi sé tekið má benda á, að hafi

skipverji samfellda ráðningu í þrjú ár að baki og verði fyrir almennum veikindum fær hann eftir frumvarpinu allt að þriggja mánaða veikindakaup, ef hann er yfirmaður, en undirmaður allt að tveggja mánaða kaup. Mesta þýðingu hafa trúlega þau ákvæði frumvarpsins, sem lúta að vinnuslysum og atvinnusjúkdómum. Í þeim tilvikum á skipverji rétt á allt að fimm mánaða kaup, ef hann er yfirmaður, og allt að fjögurra mánaða kaup, ef hann er undirmaður, hversu skamman tíma sem hann hefur starfað á skipinu.

Rétt er að undirstrika að sú ríflega viðbót við launagreiðslutíma í veikinda- og slysatilfellum, er í frumvarpinu felst, er háð öðrum kaupgreiðslureglum en sá launagreiðslutími, sem fyrir er. Viðbótin er í formi fastra launa, kauptryggingar eða tilsvarendi launagreiðslna og er sú tilhögun valin með það í huga, að útgerðarmanni verði unnt að tryggja sig fyrir hinni auknu áhættu. Á hinn bóginn er einnig nauðsynlegt að leggja áherslu á, að lenging launagreiðslutímans, sem frumvarpið boðar, er þeim skilyrðum háð, að annaðhvort sé um langan samfelldan starfstíma að ræða eða um sé að tefla atvinnusjúkdóm eða vinnuslys, en mest verður lengingin þegar bæði skilyrðin eru uppfyllt.

Loks skal á það minnt að viðá hafa sjómenn þegar náð fram í kjarasamningum mun betri rétti en þeim, sem lögfestur var sem lágmarksréttur í sjómannelögum.